



6. tbl.

Skólaáriði 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb




Þá er komið að síðustu viku þessa skólaárs. Þessa síðustu daga höfum við m.a. nýtt til útivista og ferðalaga. Ferðirnar eru í anda námskrár okkar í áttaha- og umhverfisfræðum þar sem nemendur læra um náttúru og sögu á vettvangi. Menntunargildi slíkra ferða er ótvírætt og mikilvæg viðbót við bóknámið.

Mikilvægi sumarlesturs

Lesskilningur er meginmarkmiðið er grein sem Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir, sérkennarar í Flataskóla skrifuðu í Skólavörðuna (2. tbl. 10. árg. mars 2010). Þar kemur m.a. fram að ekki séu kennarar sammála um hvort börn eigi að þjálf sig í lestri í skólaleyfum eða eiga frí frá því. Í rannsókn þeirra kom fram að afturför varð hjá 13 af 18 nemendum fjórða bekkjar í Flataskóla. Afturför varð einnig hjá börnunum í 3. bekk en ekki jafn almenn. Línuritið hér að neðan sýnir einkunn barns í 4. bekk Flataskóla á þremur tímabilum. Fyrstu tvær mælingarnar eru fyrir og eftir sumarleyfi.



Út frá þessum upplýsingum er dregin sú ályktun að upplýsa eigi foreldra um hættu á afturför í lestri ef ónóg eða engin þjálfun á sér stað yfir langt tímabil á þessu stigi lestrarþróunar og er það gert hér með. Reynsla kennara við skólann okkar er í samræmi við reynslu sérkennara Flataskóla.



Samstarf skólans og Bókasafns Snæfellsbæjar

Grunnskóli Snæfellsbæjar og Bókasafn Snæfellsbæjar ætla að hvetja grunnskólabörn í Snæfellsbæ til að lesa í sumar og við ætlum einnig að hvetja foreldrana til að lesa með þeim. Átakið hefst 4. júní á mánudegi og stendur til 22. ágúst 2018. Áherslan er á að lesa sér til ánægju en í leiðinni

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



að efla lestur barna yfir sumarmánuðina því það er staðreynd að börn verða að viðhalda lestrarkunnáttu sinni með áframhaldandi lestri yfir sumarið. Á Bókasafninu er hægt að finna bækur fyrir alla aldurhópa þannig að allir geta fengið bækur við sitt hæfi. Vonast er til að foreldrar taki þátt í áttakinu og hvetji börnin til að lesa einhverjar af öllum þeim skemmtilegu bókum sem til eru á Bókasafni Snæfellsbæjar.

Til að vera með í sumarlestri þarf að koma á Bókasafn Snæfellsbæjar og fá lestrarpésa og bækur að láni. Það þarf að lesa að minnsta kosti 6 bækur yfir sumarið og gott ef þið lesið fleiri, einnig þarf að fylla út smá umsögn um bókina í lestrarpésann.

Þeim nemendum sem taka þátt verður skipt í tvo hópa, nemendum í 1.-4. bekk og 5.-9. bekk. Dregið verður úr skiluðum lestrarpésum og verð í padar í verðlaun, einn í hvorum flokki!

Í sumar verður bókasafnið opið á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16:00 til kl. 18:00.

Óskilamunir

Mikið hefur safnast upp af óskilamunum á starfstöðvum skólans, í íþróttahúsum og sundlaugum. Flestir þessara muna eru ómerktir og því ekki hægt að koma þeim til réttra eigenda. Nemendur og foreldrar eru beðnir um skoða þá vel og athuga hvort þeir eigi eitthvað af þeim. 15. júní verður svo óskilamunum pakkað saman og þeir afhentir Rauða Krossinum.

Útskrift og skólaslit

31. maí 1.-10. bekkur: Rattleikur og grill í Ól – nemendur fara heim um kl. 12:00

ÚTSKRIFT 10. BEKKJAR í Ólafsvíkirkirkju kl. 20:00

1. júní Skólaslit kl. 12:00 í íþróttahúsinu. Allir nemendur norðan heiðar mæta. Athöfnin stendur í eina klukkustund. Allir velkomnir.

SKÓLASLITAHÁTÍÐ kl. 14:00 á Lýsu

Að lokum

Skóladagatal fyrir næsta skólaár verður hægt að nálgast á heimasíðu skólans í næstu viku. Í því er gert ráð fyrir að skóli hefjist á ný miðvikudaginn 22. ágúst.

Við sem störfum í skólanum viljum þakka nemendum og foreldrum þeirra ánægjulegt samstarf þetta skólaár og óskum ykkur gleðilegs sumars.

